



Umsögn ASÍ

Reykjavík 5. október 2021

Verðmætamat kvennastarfa, tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa

Fulltrúi Alþýðusambands Íslands átti sæti í starfshópi um endurmat kvennastarfa sem tók til starfa í desember 2020 og skilaði af sér skýrslu þeirri sem nú er til umsagnar.

Í nýrri skýrslu Hagstofu Íslands kemur í ljós að óleiðréttur launamunur kynjanna er enn 25,5% en leiðréttur kynjamunur 4,3%. Þá er launamunur lægri hjá hinu opinbera en hærri á hinum almenna markaði. Það er óþarfi að tíunda þau tæki sem gripið hefur verið til síðustu áratugi til að vinna gegn launamuni kynjanna en flest hefur það skilað okkur áleiðis þótt munurinn sé enn til staðar og enn óásættanlegur.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hafa verið uppfærð eftir því sem jafnréttisbaráttan þróast áfram og í upphafi árs var enn brotið blað í sögunni með gildistöku endurbættra laga. Í 1 mgr. 6. gr. í almennu ákvæði um launajafnrétti stendur:

Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Þessi breyting, að fara frá skilgreiningunni að kynin skuli njóta sömu kjara fyrir sambærileg störf yfir í jafn verðmæt störf án þess að skilyrt sé að starfsfólk starfi hjá sama atvinnurekanda krefst nýrrar nálgunar. Í skýrslu starfshópsins er tíunduð kerfislæg áhætta ríkissjóðs að framfylgja ekki nýrri skilgreiningu laganna en hún felst meðal annars í því að stórar kvennastéttir láti reyna á endurmat á virði starfa fyrir dómstólum. Löggjöf nokkurra annarra ríkja hefur tekið sambærilegum breytingum og er því smám saman að verða til reynsla í að leggja mat á jafnverðmæt störf. Í skýrslu starfshópsins er greint frá reynslu í nokkrum löndum þar sem þessi nýja nálgun hefur verið inleidd.

Í stuttu máli leggur starfshópurinn til þrennt:

1. **Greina vandann.** Farið verði í þróunarverkefni til að greina hvaða þættir það eru sem einkenna kvennastörf og kunna að vera vanmetnir.
2. **Þróa verkfæri.** Samhliða greiningu verði þróuð verkfæri sem styðji við þau jafnlaunakerfi sem þegar eru til staðar til að aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.
3. **Aðgerðahópur.** Settur verði á laggirnar aðgerðahópur aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Hlutverk hópsins er að þróa áfram greiningar og verkfæri, sbr. liði 1 og 2 að ofan og vera vettvangur samtals, þekkingaröflunar- og miðlunar til að útrýma launamun kynjanna fyrir fullt og allt.
4. **Samningaleið.** Aðgerðahópurinn verði vettvangur þar sem þróuð verði áfram aðgengileg samningaleið um jafnlaunakröfur einstaklinga og hópa. Litið er til þess að með slíkri nálgun verði krafa um leiðréttingu skoðuð og leyst málefnalega á skilvirkan hátt með aðkomurekenda, starfsmanna og stéttarfélagi.

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins bera ábyrgð á því að ákvæði jafnréttislaga um jöfn kjör fyrir jafn verðmæt störf sé fylgt eftir og þjóni ekki einungis sem orð á blaði. Alþýðusambandið er reiðubúið til að vinna þessu verkefni áfram brautargengi og leggur þunga áherslu á að farið verði að tillögum starfshópsins. Til að svo megi verða þurfa stjórnvöld að leiða verkefnið og setja í það bæði fjármagn og starfsfólk. Á aðilum vinnumarkaðarins hvílir sú skylda að lögum sé fylgt og íslenskur vinnumarkaður þróist áfram í átt að jafnrétti.

Virðingarfyllst,



Drífa Snædal

Forseti ASÍ